

**32. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Laugarvatni,
mánudaginn 30. október 2023, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Sólmundur Magnús Sigurðarson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfðanardóttir, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Áslaug Alda Þórarinsdóttir, formaður skólanefndar.

1. Gjaldskrá leikskóla 2024 - 2310019

Drög að gjaldskrá leikskóla 2024

Tillaga að gjaldskrá leikskóla fyrir árið 2024 var lögð fram. Gert er ráð fyrir 7% hækkun. Ekki verður innheimt gjald fyrir fæði á leikskólanum.

2. Gjaldskrá fristundar 2024 - 2310016

Drög að gjaldskrá fristundar 2024

Tillaga að gjaldskrá fristundar var lögð fram. Gert er ráð fyrir 7% hækkun. Ekki verður innheimt gjald fyrir fæði í fristund.

3. Forvarnaverkefni, endurskoðun forvarnastefnu - 2201037

Tilnefning aðila í stýrihóp um forvarnastefnu, frestað á 31. fundi.

Skólanefnd samþykkir að tilnefna Hörpu Sævarsdóttur í stýrihópinn.

4. Skólaskyld börn og skólasókn 2023-2024 - 2310024

Minnisblað um skólasókn á grundvelli 3. mgr. 5. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og börn sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Listar yfir lögheimili hafa verið bornir saman við skráningu barna í grunnskóla og var lagt fram minnisblað sveitarstjóra um stöðu mála. Öll börn sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu og búsett eru á Íslandi eða eru í fóstur hjá fósturforeldrum með lögheimili í sveitarfélaginu eru skráð í skóla.

5. Fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 - 2308018

Umræða um fjárhagsáætlun

Rætt var um ýmsa þætti sem varða fjárhagsáætlun, svo sem vinnutímastyttingu.

6. Málþing um skólamál 2023 - 2310045

Tilkynning Sambands íslenska sveitarfélaga, dags. 18.10.2023 um málþing um skólamál sem haldið verður 30. október 2023

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 16:30.

Áslaug Alda Þ
Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson

Sólmundur Magnús Sigurðarson
Sólmundur Magnús Sigurðarson

Harpa Sævarsdóttir
Harpa Sævarsdóttir

Hildur Hálfðanardóttir
Hildur Hálfðanardóttir

Lieselot Simoen
Lieselot Simoen

Lára Bergljót Jónsdóttir
Lára Bergljót Jónsdóttir

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir
Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

Íris Anna Steinarrsdóttir
Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri
Bláskógaskóla Laugarvatni

Borghildur Guðmundsdóttir
Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi
starfsmanna leikskóla

Ásta Stefánsdóttir
Ásta Stefánsdóttir